

Ísótóparannsókn af nýrum (MAG3)

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi nýrna og þvagblöðru. Rannsóknin tekur 60-90 mínútur.

Undirbúningur

- Fasta þarf á mat í eina klukkustund fyrir rannsókn.
- Ráðlagt er að skilja skartgripa eftir heima.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild þarf að drekka 1/2 lítra af vatni á innan við tíu mínútum.
- Í rannsókninni er gefinn ísótópur í æð sem er geislavirkt efni.
- Liggja þarf kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.
- Mikilvægt er að tæma þvagblöðru á deildinni fyrir og eftir rannsókn.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknin

- Drukkið vatn á innan við 10 mínútum. Bið í um 20 mínútur.
- Settur æðaleggur.
- Myndir teknar og gefinn ísótópur, tekur um 30 mínútur.
- Þvagræsilyf gefið undir lok myndatöku.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í fjórar klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is